

**189. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
8. mars 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2103009 - Loftgæði í Grundaskóli**

Skýrsla Verkís.

*Lögð fram drög að greinargerð Verkís um loftgæði í Grundaskóla. Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss fór yfir stöðu mála.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til eftirfarandi:*

*Staðbundin vandamál í unglungaálmum verði löguð sem fyrst.*

*Skipulags- og umhverfissvið í samstarfi við skóla- og frístundasvið komi með drög að aðgerðaráætlun varðandi aðra hluta skólans. Liðir í aðgerðaráætlun verði kostnaðarmetnir.*

**2. 2011264 - Esjuvellir 8 bílskúr - umsókn um byggingarleyfi**

Erindið var grenndarkynnt fyrir Esjuvöllum 4, 6 og 10, frá 27. janúar til 2. mars 2021. Engar athugasemdir bárust, samþykki barst frá Esjuvöllum 10.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að heimila byggingarleyfi á bílskúr í samræmi við meðfylgjandi gögn á lóð nr. 8 við Esjuvelli.*

**3. 2012296 - Hleðslustöðvar á Akranesi - samstarf 2021**

Umsóknir um styrki fyrir hleðslustöðvar við fjölbýlishús.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð Jóns Ólafssonar verkefnastjóra um úthlutun á styrkjum til hleðslustöðva á árinu 2021.*

**4. 2103052 - Skipulagsmál - almennt**

Staða skipulagsmála á skipulags- og umhverfissviði.

*Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi fór yfir stöðu skipulagsmála. Farið var yfir hvað er framundan í aðskildum deiliskipulagsmálum og endurskoðun aðalskipulags Akraness.*

**5. 2008220 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Dalbraut 6**

Svör við athugasemdum.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa*

*sem svör við þeim athugasemdum sem bárust við breytingar á deiliskipulaginu. Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt er lagt til við bæjarstjórn að ofangreind greinargerð skipulagsfulltrúa verði svar bæjarstjórnar vegna þeirra athugasemda sem bárust við deiliskipulagsbreytingunni.*

**6. 2102286 - Hótel - fyrirspurn**

Erindi til skipulags- og umhverfisráðs.

*Lagt fram bréf Snorra Hjaltasonar um framhald máls. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að forsvarsmenn Golfklúbbsins Leynis verði boðaðir á næsta fund ráðsins til að ræða næstu skref.*

**7. 2103032 - Skógahverfi 3A - framkvæmdaleyfi**

Framkvæmdaleyfi gatnagerð.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðir í Skógahverfi 3A, skv. 10 gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

**8. 2102301 - Flóahverfi - þróunarsvæði**

lönaðarhverfi þróunarsvæði.

*Skipulags- og umhverfisráð felur bæjarstjóra og skipulagsfulltrúa að hafa frekara samráð við Merkjaklöpp varðandi þróun og framtíðarhugmyndir á svæðinu.*

**9. 2103042 - Faxabraut - athugasemdir Vegagerðarinnar**

Bréf Vegagerðarinnar vegna Faxabrautar.

*Lagt fram bréf Vegagerðarinnar vegna umferðaröryggismála við Faxabraut.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vera í samráði við Vegagerðina varðandi lausnir á umferðaröryggismálum við Faxabraut.*

**10. 2011281 - Slökkvilið - tækjabúnaður**

Bréf Jens H Ragnarssonar slökkviliðsstjóra SAH dags. 23. febrúar 2021.

*Jens H Ragnarsson slökkviliðsstjóri SAH sat fundinn undir þessum dagskrárlið.*

*Lagt fram minnisblað Jens H Ragnarssonar um kaup á körfubíl til SAH.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun 2021 um kaup á körfubíl.*

**11. 2103051 - Starfsmannamál - skipulags- og umhverfissvið**

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að leggja fram greinargerð til bæjarráðs um nauðsyn á fjölgun starfa á sviðinu m.t.t. núverandi og væntanlegrar verkefnastöðu.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00.**

